

17. Frumvarp

til laga um brúargerðir.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma eftir því sem fé er veitt í fjárlögum og önnur atvik og ástæður leyfa, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rétt.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem jární eða járnbentri steinsteypu.

2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri:

I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

a. Vesturland.

1. Laxá í Kjós.
2. Brynjudalsá.
3. Botnsá.
4. Geitabergsá í Svinadal.
5. Miðdalsgil á Vesturlandsvegi.
6. Suðurá í Dalasýslu.
7. Reykjadalssá í Dalasýslu hjá Fellsenda.
8. Glerá í Dalasýslu.
9. Geiradalsá í Barðastrandarsýslu.
10. Prestbakkaá í Strandasýslu.
11. Víkurá í Strandasýslu.
12. Grjótá í Strandasýslu.
13. Staðará í Strandasýslu.
14. Miðdalsá í Strandasýslu.
15. Laxá á Laxárdalsheiði.
16. Kaldakvísl á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Norðurá í Borgarfirði hjá Fornahvammi.
2. Nesá á Vaðlaheiði.

3. Kaldakvísl á Tjörnesi.
4. Svalbarðsá í Þistilfirði.

c. Austurland.

1. Vestradalsá í Vopnafirði.
2. Skjalþingsstaðaá í Vopnafirði.
3. Laxá í Jökulsárhlíð.
4. Selfjót í Hjaltastaðapinghá.

d. Suðurland.

1. Litla-Laxá í Hreppum.
2. Laugará hjá Geysi.
3. Rimhúsaáll undir Eyjafjöllum.
4. Miðskálaá undir Eyjafjöllum.
5. Holtsá undir Eyjafjöllum.
6. Laugará undir Eyjafjöllum.
7. Skógaá undir Eyjafjöllum.
8. Holtsá í Mýrdal.
9. Klifandi og Hafursá í Mýrdal.
10. Hvammsá í Mýrdal.
11. Kerlingadalsá í Mýrdal.
12. Illagil á Höfðabrekkuheiði í Mýrdal.
13. Múlakvísl hjá Selfjalli.
14. Skálm á Mýrdalssandi.
15. Breiðbalakvísl á Síðu.
16. Hörgsá á Síðu.
17. Eldvatn á Síðu.
18. Brúará í Fljótshverfi.
19. Laxá í Fljótshverfi.
20. Djúpa í Fljótshverfi.
21. Kolgríma á Mýrum.
22. Bergá í Hornafirði.

II. Endurbygging trébrúa á þjóðvegum.

a. Vesturland.

1. Fossá í Kjós.
2. Álftá á Stykkishólmsvegi.

b. Norðurland.

1. Grafará í Skagafirði hjá Hofsósi.
2. Glerá hjá Akureyri.

3. Skjálfafljót, vesturkvísl.
4. Klapparós á Kópaskersvegi.

c. Austurland.

1. Jökulsá í Jökuldal.
2. Böðvarsdalsá í Vopnafirði.
3. Kaldakvísl á Fagradalsbraut.
4. Fagradalsá á Fagradalsbraut.
5. Geithúsaá á Fagradalsbraut.

d. Suðurland.

1. Brúará á Geysisvegi.

III. Nýjar brýr á öðrum vegum en þjóðvegum.

1. Hvítá hjá Húsafelli.
2. Blanda hjá Löngumýri.
3. Eyjafjarðará á Stíflu.
4. Skjálfafljót í Köldukinn.
5. Jökulsá á Fjöllum hjá Grimsstöðum.
6. Lagarfljót hjá Lagarfossi.
7. Jökulsá í Fljótsdal.
8. Hvítá í Árnassýslu, hjá Iðu.
9. Þjórsá hjá Þjórsárholti.

IV. Aðrar brýr.

Um fjárveitingar til nýrra brúa og endurbyggingar trébrúa á öðrum vegum en þjóðvegum, skal fara sem hér segir:

- a. Brýr á fjallvegum gerist að öllu fyrir fé úr rikissjóði.
- b. Brýr á sýsluvegum má kosta að $\frac{2}{3}$ hlutum af rikissjóði gegn $\frac{1}{3}$ hluta annarstaðar frá.
- c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af rikissjóði gegn því, sem á vantar annarstaðar frá.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr rikissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr rikissjóði gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf.

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á. Þó skal greiða úr rikissjóði viðhaldskostnað þeirra brúa, sem taldar eru í III. kafla.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 62, 20. nóv. 1919 um brúargerðir.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af vegamálastjóra að tilhlutun atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, og fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

Með lögum um brúargerðir nr. 62, 28. nóv. 1919, var stigið stórt spor í áttina að vinna eftir fastri áætlun að framkvæmdum brúargerða. Er það af öllum viðurkennt, að lög þau hafa að öllu leyti reynzt mjög vel og átt sinn mikla þátt í þeim miklu framförum, sem orðið hafa á undanförunum áratug.

Skýrslur þær og línurit, er ég hefi gert og hér með fylgja, sýna glögg, hve stórstígar framkvæmdirnar hafa verið. Frá 1890, en þá var Ölfusárbrúin byggð, fyrsta brúin, sem ekki var úr timbri, þar til 1920, er lög þessi komu til framkvæmda, voru byggðar samtals 59 brýr stærri en 10 metrar úr járn og járnbentri steypu, og var kostnaður samtals um kr. 855154.00. Síðan hafa verið byggðar 100 brýr stærri en 10 metrar, að árinu 1929 meðtöldu, fyrir samtals kr. 2336624.00. Á árinu 1930 hafa enn bætzt við 27 brýr, sem hafa kostað nálægt 500 þús. kr., ásamt 11 smábrúm.

Í lögunum frá 1919, með breytingum frá 1925, er gert ráð fyrir að brúa 68 ár á þjóðvegum og flutningabrautum, allar stærri en 10 metrar. (En hér eftir jafnan miðað við þessa stærð brúa, þegar ekki er annars getið).

Af þessum ám er nú lokið að brúa 54 og eina betur að mestu leyti (Skjálfafljót, Vesturkvislin óbrúuð). Auk þeirra hafa verið byggðar 28 brýr á þjóðvegum. Eru þá 14 ár enn óbrúaðar á þjóðvegum, þeirra, sem taldar eru í lögunum.

Brýr á sýslu- og hreppsvegum hafa á þessu tímabili verið byggðar samtals 37 fyrir kr. 647470.00, að meðtöldu tillagi hlutaðeigenda, sem hefir samtals numið um 166 þús. kr. Brýr á fjallvegum eru byggðar aðeins 2 og hafa

kostað báðar um kr. 6900.00. Fyrir breytingar á vegalögum eru flestar þessar brýr nú á þjóðvegum.

Sérstaka skýrslu um minni brýr en 10 metra hefi ég ekki fullgerða enn, en þær brýr skipta tugum bæði á þjóðvegum og sýsluvegum.

Þar sem nú svo langt er komið framkvæmdum þeim, sem miðað er við í lögum um brúargerðir, sérstaklega að því er snertir þjóðvegina, þá virðist mér kominn tími til að marka nú næsta sporið í brúabyggingum.

Viðhorf er nú nokkuð breytt síðan 1919 um nauðsyn þess, að ár allar verði brúaðar á akfærum vegum og vegir eru nú orðnir akfærir miklu víðar en menn þá hefði órað fyrir að myndi nást á liðnum áratug.

Takmarkið verður nú að brúa allar ár á þjóðvegum og öðrum vegum í byggð, þar sem nokkur veruleg umferð er eða flutningaþörf.

Ég hefi því tekið fyrir hendur að gera áætlanir um kostnað við allar þessar brýr. Á undanförunum árum hafa verið mæld og rannsökuð flest brúastaði, sem til greina koma. Rannsókn þessi er að visu vitanlega sumstaðar enn nokkuð lausleg, en þó nægileg til þess að gera sér yfirlit um heildarkostnaðinn.

Niðurstaða mín er sú, að framkvæmanlegt sé, að brúa allar ár á þjóðvegum og öðrum vegum yfirleitt, þar sem byggð er í sveitum, nema þessar stórar í Austur-Skaftafellssýslu: Núpsvötn, Skeiðará, Hornafjarðarfljót og Jökulsá á Lóni, og verður þó vikið að þeim síðar. Kostnaður allur hefir verið áætlaður um 3.5 milljónir króna.

Ég tel heppilegast að sett verði ný lög um brúargerðir, á sama grundvelli og lögin frá 1919. Nokkrar breytingar á einstökum ákvæðum þeirra laga tel ég rétt að gera, sérstaklega að fella burt lánsheimildina, en binda framkvæmdir við fjárveitingar hvers árs, enda hefir þeirri venju verið fylgt síðan 1925 að taka upp í fjárlög fjárveitingar til brúargerða eins og annara vegabóta. Ennfremur að sleppa ákvæðinu um hámark framlags til brúa á sýsluvegum og til smábrúa.

Ég hefi þó ekki að þessu sinni tekið með brýr á allar ár á þjóðvegum, sérstaklega vegna þess, að aðstaða til brúargerða er sumstaðar ekki nægilega rannsökuð, en ég hefi talið allar þær ár, sem ég tel lýkur til að verði brúaðar á næstu árum. Má þá bæta við síðar, er fenginn er ábyggilegri grundvöllur til áætlana um kostnað.

Ég hefi skipt brúnum eftir landsfjórðungum til glegggra yfirlits. Til þess að fá heildaryfirlit yfir útgjöld þau, er frumvarp þetta hefir í för með sér, sérstaklega að því er snertir brýr á þjóðvegum, hefi ég gert eftirfarandi kostnaðaráætlun, sem þó ber að skoða frekar sem heildaráætlun, með því að áætlanir um sumar brýrnar eru nokkuð lauslegar:

A. I. Nýjar brýr á þjóðvegum.

a. Vesturland.

1. Laxá i Kjós	kr.	20000
2. Brynjudalsá	—	9000

3. Botnsá	—	10000	
4. Geitabergsá	—	8000	
5. Miðdalsgil á Vesturlandsvegi	—	10000	
6. Suðurá á Vesturlandsvegi	—	5000	
7. Reykjadalsá á Vesturlandsvegi	—	15000	
8. Glerá í Dalasýslu	—	15000	
9. Geiradalsá í Barðastrandarsýslu	—	10000	
10. Prestbakkaá í Strandasýslu	—	8000	
11. Víkurá í Strandasýslu	—	10000	
12. Grjótá í Strandasýslu	—	8000	
13. Staðará í Strandasýslu	—	16000	
14. Miðdalsá í Strandasýslu	—	10000	
15. Laxá í Strandasýslu	—	9000	
16. Kaldakvisl á Stykkishólmsvegi	—	8000	
			kr. 171000.00

b. Norðurland.

1. Norðurá í Borgarfirði	kr.	12000	
2. Nesá á Vaðlaheiði	—	6000	
3. Kaldakvisl á Tjörnesi	—	12000	
4. Svalbarðsá í Distilfirði	—	15000	
			45000.00

c. Austurland.

1. Vestradalsá í Vopnafirði	kr.	10000	
2. Skjaldþingsstaðaá í Vopnafirði	—	10000	
3. Laxá í Jökulsárhlið	—	8000	
4. Selfljót	—	14000	
			42000.00

d. Suðurland.

1. Litla-Laxá í Hreppum	kr.	6000	
2. Laugará hjá Geysi	—	8000	
3. Rimhúsaáll undir Eyjafjöllum	—	7000	
4. Miðskálaá undir Eyjafjöllum	—	10000	
5. Holtsá undir Eyjafjöllum	kr.	17000	
6. Laugará undir Eyjafjöllum	—	9000	
7. Skógará undir Eyjafjöllum	—	18000	
8. Háls í Mýrdal	—	11000	
9. Klifandi og Hafursá í Mýrdal	—	68000	
10. Hvammsá í Mýrdal	—	9000	
11. Kerlingadalsá í Mýrdal	—	30000	
12. Illagil í Mýrdal	—	12000	
13. Múlakvisl í Mýrdal	—	35000	
14. Skálm í Mýrdal	—	12000	

15. Breiðbalakvisl á Síðu	—	50000	
16. Hörgsá á Síðu	—	14000	
17. Eldvatn á Síðu	—	8000	
18. Brúará í Fljótshverfi	—	7000	
19. Laxá í Fljótshverfi	—	15000	
20. Djúpa í Fljótshverfi	—	27000	
21. Kolgríma á Mýrum	—	12000	
22. Bergsá í Hornafirði	—	8000	
			393000.00

A. I. samtals kr. 651000.00

A. II. Endurbygging trébrúa á þjóðvegum.

a. Vesturland.

1. Fossá í Kjós	kr.	12000	
2. Álftá á Stykkishólmsvegi	—	9000	
			kr. 21000.00

b. Norðurland.

1. Grafará í Skagafirði	kr.	10000	
2. Glerá hjá Akureyri	—	7000	
3. Skjálfafljót, vesturkvísl	—	25000	
4. Klapparós á Kópaskersvegi	—	9000	
			51000.00

c. Austurland.

1. Jökulsá í Jökuldal	kr.	14000	
2. Böðvarsdalsá í Vopnafirði	—	8000	
3. Kaldakvisl á Fagradalsbraut	—	9000	
4. Fagradalsá á Fagradalsbraut	—	5000	
5. Geithúsaá á Fagradalsbraut	—	14000	
			50000.00

d. Suðurland.

1. Brúará á Geysisvegi	kr.	12000.00	
------------------------------	-----	----------	--

A. II. samtals kr. 134000.00

A. III. Nýjar brýr á öðrum vegum en þjóðvegum.

Vesturland: 1. Hvítá hjá Húsafelli	kr.	9000.00
Norðurland: 2. Blanda hjá Löngumýri	—	65000.00

	3. Eyjafjarðará á Stíflu	—	30000.00
	4. Skjálfafljót í Köldukinn	—	100000.00
	5. Jökulsá á Fjöllum	—	150000.00
Austurland:	6. Lagarfljót hjá Lagarfossi	—	65000.00
	7. Jökulsá í Fljótsdal	—	80000.00
Suðurland:	8. Hvítá í Árnessýslu hjá Iðu	—	110000.00
	9. Þjórsá hjá Þjórsárholti	—	125000.00
			A. III. samtals kr. 734000.00

Samandregið yfirlit:

A. I. Nýjar brýr á Þjóðvegum, 46 brýr	kr. 651000.00
A. II. Endurbygging trébrúa á Þjóðvegum, 12 brýr	— 134000.00
A. III. Nýjar brýr á öðrum vegum en Þjóðvegum, 9 brýr	— 734000.00
Kr. 1519000.00	

Í flokki merktum A. III. eru talin 9 stórvötn, og munu 7 brýr teljast á sýsluvegum, allar nema Hvítá hjá Húsafelli og Jökulsá á Fjöllum hjá Grimsstöðum, en þær eru báðar á fjallvegum. Allar brýrnar, nema sú fyrsta, eru dýrustu brýrnar, sem sýnilegt er nú að gerðar verði á næstu árum. Allar 7 brýrnar eru á miðri byggð og yfirleitt ein í hverri sýslu. Með tilliti til, að þær verði óvenju kostnaðarsöm mannvirki og margar aðrar óbrúaðar ár eru í sýslum þessum, þá tel ég sýslunum nokkuð ofviða að leggja fram fé til þeirra svo að nokkru nemi, og hefi því tekið þann kost, að leggja til, að ríkissjóður kosti þær að öllu. Ég tel og þann flokk brúa sérstæðan að því leyti, að í engum öðrum sýslum eru enn óbrúaðar slíkar stórar niðri í byggðinni. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga, myndi hlutaðeigendur verða að leggja fram $\frac{1}{4}$ hluta kostnaðar fyrrgreindra 7 brúa, eða samtals tæpar 150 þús. kr.

Viðvikjandi brúm í flokki merktum A. IV. vil ég taka þetta fram:

Ég hefi felld úr núgildandi lögum ákvæðið um fjórðungstillag hlutaðeigenda til brúa á sýsluvegi, er kosta yfir 40 þús. kr. Er það gert með tilliti til þess, að þegar frá eru teknar fyrrnefndar 7 stórbrýr í flokki A. III., sem ég legg til að ríkissjóður kosti að öllu leyti, þá tel ég ekki horfur á að neinar þær brýr verði byggðar á sýsluvegum, er kosti 40 þús. kr. eða þar yfir. Tel ég því ákvæðið óþarft.

Brýr á fjallvegum, er koma hér undir, verða naumast margar á næstu árum. Helztar má telja yfir þessar ár: Tungufljót fyrir austan Geysi, Laxá undir Kolugafjalli í Skagafirði, Brimilsgjá í Steinadal og Gilsá í Jökuldal (endurbygging). eru þær allar áætlaðar að kosta 55 þús. kr. Ef gert er 20 þús. kr. fyrir öðrum brúm, má áætla kostnað af brúm í þessum flokki 75 þús. kr.

Vitanlega kemur þó að því siðar, að ýmsar ár verði brúaðar á fjöllum uppi. Vil ég þar sérstaklega nefna Tungnaá og Skjálfafljót á Sprengisandsvegi, Hvítá, Blöndu og Ströngukvisl á Kjalvegi.

Á Tungnaá og Hvítá munu þó væntanlega koma góðar ferjur fyrst, er taki bifreiðar, þegar svo er komið vegagerðum, að akfært verður inn á fjöll, en þess mun ekki langt að bíða.

Ég hefi gert skrá yfir, ásamt kostnaðaráætlun um allar helztu brýr á sýsluvegum, er ég tel væntanlegar á næstu 10 —15 árum. Samandregnar áætl-
anir eru þannig, raðað eftir sýslum:

Borgarfjarðarsýsla: Hvítá á Barnafossi (endurbygging) að ½ á móti Mýrasýslu, Grímsá hjá Fossatúni, Grímsá í Lundarreykjadal, Flóká, Reykjadalsá, Andakilsá hjá Ausu	5½	brú	kr.	95000
Mýrasýsla: Hvítá hjá Barnafossi móti Borgarfjarðarsýslu, Urriðaa, Álftá	2½	—	—	18000
Dalásýsla: Hörðudalsá, Miða, Laxá, Hvammsá, Kjarlaksstaðaá, Tungnaá, Haukadalsá	7	—	—	89000
Snæfellsnessýsla: Staðará, Vatnsholtsá, Kálfá, Hraunhafnará, Sleggjubeinaá, Sveinsstaðaá, Fróða og Fossá hjá Ólafsvík, Svelgsá og Svínafossaa á Skógarströnd	10	—	—	78000
Barðastrandarsýsla: Móra	1	—	—	9000
Ísafjarðarsýsla: Unaðsdalsá, Laugardalsá, Langá	3	—	—	17000
Strandasýsla: Selá í Steingrímsfirði, Bjarnarfjarðará ..	2	—	—	45000
Vestur-Húnavatnssýsla: Vesturdalsá, Austurdalsá, Núpá, Urriðaa í Miðfirði	4	—	—	33000
Austur-Húnavatnssýsla: Svartá, Svínadalsá	2	—	—	30000
Skagafjarðarsýsla: Mælifellsá, Laxá í Laxárdal, Göngu- skarðsa og Kallá, Hrollaugsdalsá, Höfðaá, Fljótaá, Brúnastaðaá og Lambanesá í Fljótum, Jökulsá eystri	10	—	—	165000
Eyjafjarðarsýsla: Eyjafjarðará hjá Saurbæ, Öxnadalsá hjá Bægisá, Öxnadalsá hjá Þverá, Syðri Tungnaá, Ólafsfjarðarós, Skiðadalsá, Svarfaðardalsá	7	—	—	91000
Suður-Þingeyjarsýsla: Laxá í Laxárdal, Þverá í Reykja- hverfi, Vetrarvötn undir Garðsnúpi	3	—	—	18000
Hér við má væntanlega bæta Skjálfafljóti í Bárðardal, en upplýsingar vanta um brúarstæði og verður brú þar líklega nokkuð dýr.				
Norður-Þingeyjarsýsla: Ormalónsa hjá Raufarhöfn, Sauðanesós á Langanesi	2	—	—	38000
Norður-Múlasýsla: Jökulsá í Jökuldal hjá Hjarðarhaga, Kelduá í Fljótsdal, Gilsá að hálfu móti Suður-Múla- sýslu, Bessastaðaá í Fljótsdal	3½	brú	kr.	55000
Suður-Múlasýsla: Múlaá, Geitdalsá hjá Þingmúla, Búðará í Reyðarfirði (endurbygging), Gilsá að hálfu móti Norður-Múlasýslu	3½	—	—	50000
Rangárvallasýsla: Ytri-Rangá, nálægt Geldingalæk, Eystri- Rangá á Tungufossi, Hólsá í Vestur-Landeyjum ..	3	—	—	92000
Árnessýsla: Kálfá í Hreppum	1	—	—	7000
Samtals	70	brýr	kr.	870000

Það er víst, að nokkrar brýr bætast við þær, er hér hafa verið taldar, sérstaklega á Vestfjörðum, því þar hefir enn lítið verið rannsakað, hvar þörf er nýrra brúa, en þær munu yfirleitt smáar og ódýrar. Tel ég að riflega sé gert fyrir þeim, ef miðað er við að kostnaður verði alls 1 milljón kr. Kæmi þá í hlut rikissjóðs allt að $\frac{2}{3}$ hlutum, eða tæpar 700 þús. kr.

Undir lið IV C. myndu koma aðeins smábrýr, helzt á hreppsvegum, og tel ég gert nóg fyrir framlagi til þeirra með því að miða við þær 700 þús. kr., sem nú voru nefndar.

Brýr, sem koma undir 2. gr. B., verða og allar ódýrar. Áætlun hefir verið gerð um 21 brú á þjóðvegum, samtals 110 þús. kr., og 13 brýr á sýsluvegum, samtals 62 þús. kr., er rikissjóður myndi greiða að hálfu. Framlag rikissjóðs til þeirra 34 brúa er því áætlað 141 þús. kr.

Væntanlega bætast nokkrar fleiri brýr í þenna flokk, og tel ég því hæfilegt að áætla 200 þús. kr. úr rikissjóði á næstk. 10 ára tíma.

Með tilvísun til þess, er hér hefir sagt verið, kemur fram svohljóðandi heildaryfirlit um áætlaðan kostnað af brúargerðum þeim, er frv. þetta gerir ráð fyrir:

1. Brýr á þjóðvegum, 58 brýr	kr.	785.000
2. Brýr á nokkrum öðrum vegum, 9 brýr	kr.	734.000
3. Brýr á sýsluvegum samkv. A. IV., 70 brýr	—	700.000
4. Brýr á fjallvegum samkv. A. IV.	—	75.000
5. Smábrýr samkv. 2. gr. B.	—	200.000

Samtals kr. 2494.000

Linurit það er hér fylgir sýnir, að varið hefir verið úr rikissjóði að meðaltali kr. 233662.00 á ári til brúargerða á árunum 1920—29, en árlegar fjárveitingar hafa verið mjög misháar, allt frá 25 þús. kr. til rúmlega 500 þús. kr. Með því að miða við svipaða meðaltölu fjárveitinga á næstu árum, ætti að vera unnt að byggja allar þessar brýr á næstu 10 árum.

Með brúargerðum þeim, er hér hefir verið gert ráð fyrir, er þó enn ekki lokið að fullu að brúa landið. Fer hér á eftir nokkuð yfirlit yfir hvað þá verður enn ógert.

Vatnasvæði Markarfljóts og Þverár hefir enn ekki verið tekið með hér, en tillaga um brúargerðir þær mun verða lögð fram í sérstöku frumvarpi í sambandi við fyrirhleðslu vatnanna. Verður að teljast vel kleift að brúa þessi vötn, en það er kostnaðarsamt og verður álitamál að hve miklu leyti ber að telja þann kostnað til brúargerða og að hve miklu leyti til varna gegn ágangi vatns.

Að öðru leyti má telja þessar ár enn óbrúaðar á þjóðvegum, og er jafnframt sett lausleg kostnaðaráætlun:

1. Á Vesturlandi: Dragá í Skorradal, Andakilsá hjá Grund	2 brýr	kr.	25000
2. Á Norðurlandi: Grjótá á Öxnadalsheiði ásamt 3 giljum þar, 3 gil á Tjörnesi	7	—	100000
3. Á Austurlandi: Finnafjarðará, Saurbæjará og Bakkaá, allar í Skeggjastaðahreppi, Reiðhólskvísl og Fossá í			

Jökulsárhlið, Breiðdalsá, Berufjarðará, Fossá, Hvítá, Búlandsá, Kambá, Stekká, Geithellnaá, Hofsá, Star-
mýrará, Selá 16 — — 200000

Áætlunin er, sérstaklega um brýr á Breiðdalsá og Hofsá, mjög óviss. Þessar ár renna mjög dreift á eyrum og verður líklega ókleift að brúa þær, sérstaklega Hofsá, sem er mikið vatnsfall, nema gera jafnframt allverulegar fyrirhleðslur.

4. Á Suðurlandi: Jökulsá á Breiðamerkursandi 1 — — 150000

Samtals 26 brýr kr. 475000

Þar eð brúarstæði á ám þessum eru yfirleitt lítt rannsökuð, þá eru áætlanir nokkuð lauslegar og hefi ég því að svo stöddu ekki talið rétt að taka þær brýr upp í frumvarp það, er hér kemur fram.

Með því að gera ráð fyrir sömu meðalfjárveitingum enn 3 ára bil umfram áður nefnd 10 ár, ætti að vera unnt að koma einnig þessum brúargerðum í framkvæmd, og er þá jafnframt ætlað nokkuð fyrir öðrum minni brúm, sem við kunna að bætast.

Þá skal ég vika nokkrum orðum að stórvötnum þeim á þjóðvegum, sem enn eru ekki talin. Eru það þessar ár:

Núpsvötn, Skeiðará, Hornafjarðarfljót og Jökulsá í Lóni.

Farvegur Hornafjarðarfljóts er mjög breiður á þjóðveginum, liggur það þar í 2 kvíslum, sem samtals eru tæpir 4 km. á breidd, og er hvergi brúarstæði öllu skárri en þarna. Hugsanlegt er að gera háa, öflugan garða yfir mestan hluta farvegarins og síðan brýr milli garðanna, en mannvirki þetta yrði mjög dýrt. Hinsvegar hagar vel til um að hafa bilferju í Hornafjarðarós, kostar hún til-
tölulega lítið fé og fullnægir flutningaþörf allri, sem þarna er. Vestan óssins eru sandar fram með sjó, sem bilfærir verða með litilli aðgerð. Verður þá jafnframt komizt hjá að brúa nokkrar örðugar jökulár á Mýrum milli Hornafjarðarfljóts og Kolgrímu. Fengist þannig bilfær vegur úr Hornafirði allt til Örafá, þá er Jökulsá á Breiðamerkursandi er brúuð, sem ekki ætti að vera verulegum vandkvæðum bundið, að því er mér hefir virzt. Í Örafum eru margar smáar og hafa brýr á þær ekki verið teknar með í áætlanir mínar, þar eð engin rannsókn hefir enn farið fram á brúarstæðum né heldur, hve mikil þörf sé að ár þessar verði brúaðar. Núpavötn, Skeiðará og Jökulsá á Lóni renna allar mjög dreift um flata sanda, en sérstaklega gera jökulhlaupin í Núpsvötnum og Skeiðará ókleift að brúa þau vötn.

Jökulsá á Lóni er væntanlega unnt að brúa, en er þó ekki rannsakað mál, og verður vitanlega mjög dýrt.

Reykjavík, 23. jan. 1931.

Geir G. Zoëga.

Brýr lengri en 10 metrar byggðar árin 1890—1929.

st. = brýr úr járnbentri steypu; j = járnbrýr.

Lengd:	1890—1900		1901—10		1911—20		1921—29		Samtals 1890—1929		Byggingar-	
	st.	j.	st.	j.	st.	j.	st.	j.	st.	j. samt.	kostn. kr.	
10—20 m.	„	„	2	3	20	1	43	6	65	10	75	554.425
20—30 m.	„	1	1	3	12	2	17	4	30	10	40	487.250
30—50 m.	„	1	„	1	8	„	5	6	13	8	21	399.540
50—100 m.	„	1	1	1	2	1	10	„	13	3	16	789.375
100—200 m.	„	1	„	1	„	„	3	„	3	2	5	486.600
200—300 m.	„	„	„	1	„	„	„	1	„	2	2	397.920
Samt.	„	4	4	10	42	4	78	17	124	35	159	3115.110

Landshl.:	1890—1900		1901—10		1911—20		1921—29		Samtals 1890—1920		Byggingar-	
	st.	j.	st.	j.	st.	j.	st.	j.	st.	j. samt.	kostn. kr.	
Suðv.land .	„	1	3	1	16	1	23	2	42	5	47	709.250
Vestfirðir ..	„	„	„	„	2	„	3	2	5	2	7	64.860
Norðurl. ..	„	1	1	5	15	„	34	5	50	11	61	1164.700
Austurl. ..	„	„	„	3	5	„	10	„	15	3	18	331.730
Suðurl. ...	„	2	„	1	4	3	8	8	12	14	26	844.570
Allt landið	„	4	4	10	42	4	78	17	124	35	159	3115.110
		4		14		46		95			159	

	1890-1900	1901-10	1911-20	1921-29	1890-1929
Byggingarkostnaður	175.400	309.945	512.245	2117.520	3115.110
Par af:					
Steinsteypubrýr	„	43.530	431.555	1452.750	1927.835
Járnbrýr	24.400	193.315	80.690	664.770	963.175
Járnhengibrýr	151.000	73.100	„	„	224.100

Kr.

Brúargerðakostnaður 1890-1929.



greiðslur ríkissjóðs



tillag sýslufjelaga.

